

Nr.: STL-031	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 04		
Dags.: 23.10.2019		
Höfundur: Skólameistari		
Síða 1 af 2		
Náms- og starfsráðgjafi		

Nafn starfsmanns:		
Svið/deild:	Nemendapjónusta	Starfshlutfall: Samkv. ráðningarsamningi
Næsti yfirmaður (starfsheiti):	Skólameistari	
Námsráðgjafar eru tveir og skipta með sér verkum í samráði við skólameistara.		

Markmið starfs:	<ul style="list-style-type: none"> • Markmið ráðgjafarinnar er að veita nemendum þjónustu í málum sem tengjast persónulegum högum þeirra, námi og náms- og starfsvali. • Námsráðgjafa er ætlað að veita foreldrum, kennurum og öðru starfsfólki skólans ráðgjöf í málum einstakra nemenda. • Námsráðgjafi er málsvari nemenda innan skólans.
------------------------	---

Ábyrgðarsvið	
1.	Annast kynningu á skólanum, námsframboði hans og skipulagi fyrir nemendur grunnskóla.
2.	Hefur umsjón með kynningarefni skólans á heimasíðu hans og uppfærir á milli anna.
3.	Hefur umsjón með kynningu á framhaldsnámi hér á landi og erlendis fyrir nemendur skólans.
4.	Tekur þátt í að skipuleggja ýmsar aðgerðir til að stuðla að betri líðan nemenda í skólanum og liðsinnir nemendum sem eiga við náms- og/eða persónulegum vandamál að stríða.
5.	Ber ábyrgð á að upplýsingar um þjónustu fyrir nemendur sem hafa ekki íslensku að móðurmáli, séu réttar inn á heimasíðu VMA.
6.	Ber ábyrgð á að upplýsingar um námsráðgjöf í skólanum séu réttar á heimasíðu VMA.
7.	Ber ábyrgð á að uppfæra eigin ferilskrá með því að afhenda viðeigandi gögn til starfsmannahalds jafnharðan (menntun, námskeið, o.fl.)
8.	Ber ábyrgð á að verkefni sem undir hann falla séu unnin samviskusamlega og innan settra tímamarka þannig að skólinn geti veitt sem besta þjónustu á hverjum tíma.

Kröfur um hæfni (þekking, færni, eiginleikar)
Hafa lokið háskólanámi á sviði náms- og starfsráðgjafar og æskilegt er að viðkomandi hafi kennsluréttindi í framhaldsskóla. Hafi skipulagshæfileika og hæfni í mannlegum samskiptum og sýni frumkvæði, árvekni og þjónustulund

Helstu verkefni
1. Tekur þátt í gerð markmiðsáætlana fyrir Verkmenntaskólann á Akureyri og ber ábyrgð á að þeim verði framfylgt gagnvart sínu sviði.-

Nr.: STL-031	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 04		
Dags.: 23.10.2019		
Höfundur: Skólameistari		
Síða 2 af 2		
Náms- og starfsráðgjafi		

2.	Liðsinnir nemendum sem eiga í námsvanda.
3.	Aðstoðar nemendur sem þurfa á sérstökum prófúrræðum að halda t.d. lengri próftíma, hljóðskrár eða öðrum úrræðum.
4.	Gengst fyrir námskeiðum fyrir nemendur sem eiga við námsörðugleika að stríða eða eru haldnir kvíða af einhverjum toga sem hamlar árangri í námi.
5.	Liðsinnir nemendum sem eiga við persónuleg vandamál að stríða.
6.	Leiðbeinir nemendum og öðrum sem þess óska um nám í Verkmenntaskólanum á Akureyri og aðstoðar við námsval.
7.	Leiðbeinir nemendum og öðrum sem þess óska um framhaldsnám heima og erlendis og gengst fyrir námskynningum þar að lútandi.
8.	Heimsækir grunnskóla og kynnir þar nám og námsframboð Verkmenntaskólans á Akureyri sé þess óskað.
9.	Skipuleggur heimsóknir grunnskólanemenda í Verkmenntaskólann á Akureyri og kynningu á starfi hans í samvinnu við stjórnendur. Heldur utan um skipulag kynningadags.
10.	Setur kynningarefni á skólanum á heimasíðu skólans í samráði við áfangastjóra. Endurskoðar kynningarefnið áður en opið er fyrir umsóknir á hverri önn og fyrir kynningu til grunnskólanemenda.
11.	Tekur þátt í vinnu forvarmarteymis ásamt skólahjúkrunarfræðingi, skólasálfræðingi og forvarnarfulltrúa.
12.	Tekur þátt í að uppfæra upplýsingar á heimasíðu skólans um nám í VMA í samvinnu við áfangastjóra, sviðsstjóra, brautarstjóra og fagstjóra.
13.	Aðstoðar nemendur við námsval sem hafa annað móðurmál en íslensku við upphaf náms í samstarfi við viðkomandi sviðsstjóra.
14.	Kallar til tülkapjónustu á fundi með forráðmönnum nemendum sem hafa annað móðurmál en íslensku.
15.	Fylgist með nýjungum á sviði náms- og starfsráðgjafar og skipuleggur eigin starfsþróun.
16.	Situr í gæðaráði VMA sé hann kosinn til þess af stjórnendafundi.
17.	Situr í ritstjórn heimasíðu VMA.
18.	Annast önnur verkefni sem honum eru falin og samkomulag er um.

Tengsl	
Daglega	Nemendur og starfsfólk Verkmenntaskólans á Akureyri.
Sjaldnar	Forráðamenn nemenda, starfsfólk ráðuneyta og erlendir og innlendir tengiliðir.
Starfstími	10. ágúst – 15. júní (sveiganlegur)
Ráðningartími	Ótímabundin ráðning.